

Afla og veiðarfæratrygging

Vátryggingarskilmáli nr. M-9

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um vátrygginguna gilda vátryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli Vátryggingarsvið

1. gr. Vátryggingin bætir eftirtalin tjón:

- 1.1 Algert tjón ef hið vátryggða ferst með skipinu.
- 1.2 Algert tjón og partstjón ef þau stafa beinlínis af því að skipið strandar, sekkur, því hvolfir eða það rekst á annað skip, fasta hluti eða fljótandi.
- 1.3 Brunatjón skv. skilmálum félagsins nr. E-3 um brunatryggingu lausafjár.
- 1.4 Þátttöku í samtjóni, samtjónskostnaði eða hliðstæðum kostnaði og björgun

2. gr. Vátryggðir hagsmunir – Hver er vátryggður

- 2.1 Vátryggingin nær til afla og/eða veiðafæra sem er um borð í því skipi sem nefnt er í vátryggingarskírteininu þegar vátryggingaratburður verður.
- 2.2 Eigandi þeirra hagsmuna sem nefndur er í vátryggingaskírteini er hinn vátryggði.

3. gr. Skaðatrygging

Um vátryggingu þessa gildir sú grundvallarregla að hún er skaðatrygging og greiðast ekki hærra bætur en þarf til að bæta tjón það sem orðið hefur. Miða skal við enduröflunarverð á hinu vátryggðu hagsmunum.

4. gr. Vátryggingarverð

Vátryggingarfjárhæð er tiltekin á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vátryggingarfjárhæð hins vátryggða skal vera sem næst sannvirði.

5. gr. Siglingasvæði

Félagið er laust úr ábyrgð ef skipið fer suður fyrir 40° norðlægrar breiddar eða norður fyrir 70° norðlægrar breiddar á tímabilinu frá 16. nóvember til 15. maí.

6. gr. Vátryggingin bætir ekki eftirfarandi tjónsorsakir:

- 6.1 Tjón af völdum ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum um borð í skipi því sem hið vátryggða er tryggt í. Sama gildir um tjón sem rakið verður til hönnunargalla skipsins.
- 6.2 Tjón sem stafar af því að skipið sem hið vátryggða er tryggt í var óhaffært er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða var ekki tryggilega hlaðið.
- 6.3 Tjón sem verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.

2. kafli Almenn skilyrði

1. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 1.1 Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 1.2 Iðgjald þessarar vátryggingar fer eftir notkun vátryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við vátryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu vátryggða á vátryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist þannig að áhætta félagsins eykst ber vátryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt vátryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

2. gr. Skyldur vátryggðs við tjónsatburð

Félaginu er heimilt, er vátryggingaratburður verður, að segja vátryggingunni upp með 30 daga fyrirvara. Uppsagnarréttur þessi fellur niður sé hann ekki notaður innan 30 daga frá því að bætur eru greiddar eða kröfu um þær synjað.

3. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neyslurverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.

4. gr. Eigandaskipti

Verði eigandaskipti að hinu vátryggða eða það fært undir aðra útgerðarstjórn fellur vátrygging þessi niður.

5. gr. Réttur þriðja manns- Samsömum

- 5.1 Nú eru hinir vátryggðu hagsmunir veðsettur og telst þá vátryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta enda sé veðhafi tiltekin á vátryggingarskírteini. Veðhafi öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en hinn vátryggði.
- 5.2 Sé vátrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða vátryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skildagi

Frystar afurðir

Sé þess sérstaklega getið á skírteini tekur trygging þessi einnig til frystra afurða um borð í tilgreindu skipi, vegna tjóns sem verður af neðangreindum orsökum.

1. Tjón á frystum afurðum sem orsakast af sjóskaða, skyndilegum olíuleka, leka frystivökvans eða óviðráðanlegri bilun eða stöðvun frystivéla eða frystikerfis.
2. Undanskilin eru tjón vegna breytinga á hitastigi nema bilun eða stöðvun frystivéla vari í það minnsta samfellt í 24 klukkustundir.
3. Afurðirnar eru vátryggðar um borð í skipinu og í frystigámum eða öðrum frystigeymslum þar til útskipun fer fram.
4. Vátryggingin greiðir aldrei hærra bætur en sem nemur andvirði þeirra frystu afurða sem um borð eru hverju sinni.
5. Sjálfsábyrgð vegna tjóna sem falla undir þennan skildaga er kr. 250.000 í hverju tjóni.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2019